



**Búa í Grindavík en guttinn sækir
Stapaskóla í Reykjanesbæ**

10-11

nettó
16.-19.
janúar



VÍKURFRÉTTIR

MÍÐVIKUDAGUR 15. JANÚAR 2025 // 2. TBL. // 46. ARG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK

Einangruð en aldrei ein

Slysið sem umturnaði lífi Elínborgar Björnsdóttur

Sjá viðtal í miðopnu



Mikið af eldfimum efnum í alelda skúr

Slökkvilið Brunavarna Suðurnesja var á sunnudagskvöld kallað að Efri-Flankastöðum við Sandgerði vegna eldsvöða í útihúsi eða skúr á svæðinu. Þegar fyrsti dælubíllinn kom á vettvang blasti við talsverður reykur og eldur, þar sem útihúsið var fullt af eldfimum efnum.

Á svæðinu eru engir brunahanar, svo kalla þurfti eftir tankbíl til að flytja vatn á vettvang. Auk dælubíls og tankbíls var slökkvilið með þjónustubífreið á staðnum sem m.a. er notuð til að fylla á reykköfunarkúta á meðan verkefninu stóð.

Slökkvistarfi lauk um miðnætti en skúrinn varð fyrir miklu tjóni. Notast var við um 26.000 lítra af vatni við slökkvistarfið, segir í samantekt frá Brunavörnum Suðurnesja.

Mýnd: Brunavarnir Suðurnesja



**Íþróttafólk
Reykjanesbæjar
verðlaunað**

Sjá íþróttasíðu

Fráveita uppfyllir ekki lágmarkskröfur og mengun í jarðvegi verði kortlögð

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur mikilvægt að Reykjanesbær ráðist í greiningarvinnu og kortlagningu á mengun í jarðvegi á fyrirhugudum byggingarreit við Hrannargötu á Vatnsnesi áður en frekari uppbygging hefst á íbúðum og öðrum byggingum ætluðum almenningi þar sem sterkar líkur eru á mengun í jarðvegi fyrirfinnist víðsvegar á svæðinu. Þetta kemur fram í athugasemdum við deiliskipulagstillögu fyrir Hrannargötu 2-4.

Þá segir að Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur áður bent sveitarfélaginu á að fráveita á þessu svæði uppfylli ekki lágmarkskröfur í reglugerð um fráveitur og

skólp. Stór hluti skolps frá svæðinu rennur ómeðhöndlað ýmist rétt út fyrir flæðarmál eða í klettabelti meðfram strandlengjunni í gegnum fjölda útrása.

Þann 2. nóvember 2022 óskaði embættið eftir lýsingu, stöðuskýrslu og úrbótaáætlun um fráveitu sveitarfélagsins. Óskað var eftir að gögnin bærust fyrir 30. mars 2023. Umbeðin gögn hafa enn ekki borist til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Embættið segir einnig í ljósi þess að áformuð er 1250 manna byggð á skipulagssvæðinu er mikilvægt að fráveita á svæðinu uppfylli ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp

áður en frekari uppbygging hefst á skipulagssvæðinu.

Heilbrigðiseftirlitið leggur til að tekið sé tillit til þessara þátta við skipulagsvinnsluna. Þá hefur embættið tekið til skoðunar þá þætti sem helst eiga við starfssvið þess og gerir ekki frekari athugasemdir við breytingu á aðalskipulaginu.

Sjá einnig frétt um fjölgun íbúða á Vatnsnesi í 1.250 á síðu 2 í blaðinu í dag.

- ✓ Reynsla og traust
- ✓ Atvinnuljósmyndun og drónamyndataka
- ✓ Persónuleg og sérsniðin þjónusta
- ✓ Við erum hér til að gera ferlið einfalt og ánægjulegt – frá fyrsta skrefi til loka

Hafðu samband í dag og láttu okkur sjá um fasteignina þína!

ALLT

FASTEIGNASALA

allt@allt.is | 560-5500

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



Bus4u hefur augastað á Grænási

Bus4u hefur óskað eftir samstarfi við Reykjanesbæ til þess að þróa nýtt svæði fyrir fyrirtæki til framtíðar. Fyrirtækið horfir sérstaklega til VP3, sem er svæði í Grænási, norðan Grænásbrautar og neðan Reykjanesbrautar. Umhverfis- og skipulagsráð felur skipulagsfulltrúa að kanna fýsileika þess að þróa svæðið fyrir miðstöð almenningsgangna og lóðir undir starfsemi fyrirtækja í farþegaflutningum.

Grindvíkingar vilja samstarf við Suðurnesjabæ um barnavernd

Bæjarráð Grindavíkur hefur óskar eftir því við bæjarráð Suðurnesjabæjar að sveitarfélögin hefji víðræður um samvinnu um barnaverndarþjónustu í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Ríkið leitar að húsnæði fyrir 80-150 ný hjúkrunarrými á Suðurnesjum

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE), fyrir hönd ríkissjóðs, hefur óskað eftir leigutilboðum fyrir húsnæði á Suðurnesjum undir hjúkrunarheimili. Óskað er eftir húsnæði fyrir allt að 80 til 150 hjúkrunarrými. Húsnæðið skal a.m.k. vera komið vel áleiðis í byggingarfasa, í því felst að skipulag lóðar og ytri hönnun þarf að liggja fyrir þegar tilboði er skilað.

Umræður um nýtt hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ voru á síðasta fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar þar sem þeir Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, og Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri Kadeco, mættu á fundinn.

Viðmið heilbrigðisráðuneytisins um skipulag hjúkrunarheimila gera ráð fyrir að lágmarki 65 brúttófermetrum á hvert hjúkrunarrými og húsnæðisþörf á Suðurnesjum því um 5.000 til 10.000 fermetrar. Húsnæðið óskast afhent eins fljótt og kostur er, hámarks afhendingartími er 18-24 mánuðir eftir undirskrift húsaleigusamnings.

Í markaðskönnun FSRE kemur fram að húsnæðið skal vera staðsett innan þéttbýliskjarna og í nálægð við almenningsgangur. Kostur ef húsnæðið er staðsett í nálægð við aðra þjónustustarfsemi, þá einkum fyrir aldraða.

Húsnæðið þarf jafnframt að uppfylla lágmarksviðmið heilbrigðis-



Nýtt 80 rýma hjúkrunarheimili ris nú við Nesvelli til viðbótar við þau 60 rými sem þar voru fyrir. Ríkið vill nú tvöfalda þann rýmafjölda og rúmlega það með 150 nýjum rýmum á Suðurnesjum. VF/Hilmar Bragi

ráðuneytisins um skipulag hjúkrunarheimila og verða leigusalar að afhenda húsnæðið fullbúið til notkunar samkvæmt kröfum sem fram koma í húslýsingu. Gott aðgengi skal vera að húsnæðinu, þ.m.t. fyrir hreyfihamlaða, gangandi, hjólandi og akandi umferð. Húsnæðinu skal fylgja fjöldi bílastæða sem hentar starfseminni. Miðað er við að húsnæðið verði tekið á langtímaleigu til 25 ára, með heimild til framlengingar til 10 ára.

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, segir í samtali við Víkurfréttir að í framhaldi af mark-

aðskönnun FSRE hafi hann farið með þá hugmynd inn í bæjarráð hvort bæjaryfirvöld ættu ekki að láta vita af lóð á Ásbrú. Tiltekin lóð er í aðalskipulagi fyrir slíka starfsemi. Guðlaugur segir jafnframt að önnur svæði á Ásbrú henti einnig vel, þjónustusvæði eða miðsvæði. Hann segir að bæjarráð hafi tekið vel í hugmyndina og málið sé áfram til vinnslu.

Ekki leitað til Suðurnesjabæjar

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Suðurnesjabæ, sagði markaðskönnun FSRE ekki hafa borist

bæjaryfirvöldum í Suðurnesjabæ og því ekki verið til umfjöllunar í stjórnkerfi sveitarfélagsins. „Það hefur verið umræða um að horft verði til þess að byggja upp hjúkrunarheimili í Suðurnesjabæ og þá m.a. í tengslum við skipulagsmál og mögulega staðsetningu. Það hefur verið á dagskrá að leita eftir því við ríkið að setja slíkt mál í gang.“ segir Magnús við fyrirspurn Víkurfréttar um málið.

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vt.is

Allt hreint
Umhverfisvottuð ræstingarþjónusta

HREINSUM RIMLAGARDÍNUR OG MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS



16 FERÐIR Á DAG ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

Pantið flutning á cargoflutningar.is

845 0900 FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Íbúðum á Vatnsnesi fjölgað úr 600 í 1.250 í nýju skipulagi

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar hefur samþykkt að senda breytingu á aðalskipulagi Vatnsness til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu. Núgildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir 600 íbúðum á svæðinu. Við breytinguna fjölga íbúðum í 1250 og heildar byggingarmagn eykst sem gerir ráð fyrir íbúðum og annarri þjónustu á svæðinu.

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér breytingu á ákvæðum fyrir miðsvæði M9 Vatnsnes/Víkurbraut, sbr. feitletraðan texta:

„Gert er ráð fyrir endurskipulagningu á Vatnsnesi og blandaðri byggð atvinnu, þjónustu og íbúða á efri hæðum, en nesið er sérlega stórbrotið og áhugavert til endurbýggingar. Svæðið tengist miðbæ og lífæð beint um Hafnar götu. Hæðir húsa þrjár til fimm með möguleika á fjölgun hæða við ströndina (að hámarki sjö hæðir), ef hægt er að sýna fram á óveruleg áhrif vindstrengja og skuggavarps af mannvirkjum vegna hækkunar. Ný byggð lagi

sig að eldri byggð og verði með góð tengsl við útivist. Nýjar götur verði í eðlilegu samhengi við núverandi gatnakerfi. Fjölbýlishús með fjölbreyttri gerð íbúða. Byggðin getur orðið kennileiti í byggð frá sjó og landi. Huga þarf sérstaklega að veðri og myndun vindstrengja á svæðinu. Bílgeymslum verði komið fyrir neðanjarðar að hluta. Huga þarf að endurbótum byggðar og umhverfis og mikilvægt er að frágangur og ásynnd á svæðinu taki mið af því að starfsemin og íbúðarbyggð geti farið saman. Gert er ráð fyrir að starfræktur verði leikskóli á svæðinu þegar fram líða stundir“.

Í gögnum frá fundi ráðsins segir að byggt er á markmiðum Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020-2035 þar sem áhersla er lögð á að þetta byggð sem er til þess fallin að styrkja miðsvæði með íbúðar-, verslunar- og þjónustuhúsnæði. Einnig fellur breytingin vel að markmiði aðalskipulagsins að endurskipuleggja svæði sem eru vannýtt eða landnotkun hefur

breyst á. Auglýsingu tillögunnar er lokið og bárust ráðinu nokkrar athugasemdir.

Íbúar á Víkurbraut 15 og Víkurbraut 17 segjast í athugasemdum hafa áhyggjur af breytingu á aðalskipulagi þar sem fjölga á íbúðum á Vatnsnesinu. Samkvæmt þeirri tillögu sem fyrir liggur á að fjölga íbúðum úr 600 í 1250 og ef reiknað er með 1,6 bíl á íbúð þá er þetta 1.984 bílar sem verða þarna.

„Svo er BYKO að fara eftir ca. eitt ár og þar koma væntanlega hús svo það má reikna með að bílafjöldi sem fer herna um Vatnsnesið aukist um ca 2.500 bíla. Álag á Víkurbrautina og Vatnsnesveg og nærliggjandi samgöngumannvirki eykst mikið,“ segir meðal annars í athugasemd íbúa.

Að endingu hvetja íbúar bæjaryfirvöld til að skoða skipulagið betur til að lenda ekki í sömu vandamálum og Reykjavíkurborg og vísað til þéttingar byggðar og skorts á bílastæðum.

Kia EV3

Frumskýndur á laugardag kl. 12-16



Movement that inspires

Verð frá
5.290.777 kr.
með rafbílastyrk**

Frumskýndur um land allt.

EV3 hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu og nú loksins getum við svipt hulunni af þessum brautryðjandi rafbíl.

Kia EV3 var á dögum í öðru sæti í vali á bíl ársins 2025, en hann kemur með allt að 605 km drægni, 460L farangursrými, hleðslugetu frá 10-80% á 31 mínútu og margverðlaunaðari hönnun Kia.

Ekki missa af frumsýningu Kia EV3 á Íslandi.

Við tökum vel á móti þér í sýningarsal okkar að Njarðarbraut 15.



K. Steinarsson · Njarðarbraut 15, 260 Reykjanesbæ · 420 5000 · ksteinarsson.is
Söluáðili Kia á Íslandi.

Umboðsmenn um land allt:
Askja Vesturlandi, K. Steinarsson, Bílasala Austurlands, Bragginn, Bílasala Selfoss, Höldur Akureyri

* Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd
** Nánari upplýsingar á orkustofnun.is/orkuskipti/orkusjodur/rafbilastyrkir



Dúx Háskólabrúar var Aðalsteinn Jóhannsson og dúx í fóttaðgerðarfræði var Signý Ingvadóttir.



Þau voru útskrifuð þann 10. janúar sl.

Hátíðleg útskriftarathöfn Keilis í Hjólmahöll

Keilir - Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs útskrifaði 49 nemendur við hátíðlega athöfn í Hjólmahöll í Reykjanesbæ föstudaginn 10. janúar. Athöfnin heppnaðist afar vel enda mikil gleði og stolt sem fylgir hverri útskrift. Nú hafa 4977 einstaklingar útskrifast úr námi við skólann.

Í athöfninni voru útskrifaðir 38 nemendur af Háskólabrú og 11 nemendur úr námi í fóttaðgerðarfræði.

Alexander Grybos og Guðjón Steinn Skúlason hófu athöfnina með ljúfu tónlistaratriði fyrir viðstadda. Því næst flutti Berglind Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Keilis, ávarp og stýrði athöfninni. Megináhersla í ræðu framkvæmdastjóra var um mikilvægi þess að læra af reynslunni fyrir einstaklinginn sjálfan sem og samfélagið, áhrif gervigreindar í nútíma heimi og varnarorð fyrir framtíðina tengt þeirri tækni. Þá var einnig ávarpað mikilvægi þess að temja sér þakklæti fyrir innri ró og til efla andlega heilsu.

Eftir ávarp framkvæmdastjóra flutti Skúli Freyr Brynjólfsson ávarp fyrir hönd starfsmanna



Útskriftarhópur Háskólabrúar.

Keilis þar sem hann fór yfir vegferð nemenda í náminu og þakkaði þeim sérstaklega fyrir samfylgdina sem og samstarfsfólki fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf.

Háskólabrú Keilis brautskráði samtals 38 í fjarnámi. Berglind Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri

afhenti skirteini og viðurkenningarskjöl til útskriftarnema með aðstoð Dóru Hönnu verkefnastjóra og Þóru Kristínu námsráðgjafa. Dúx Háskólabrúar var Aðalsteinn Jóhannsson með 9,54 í meðaleinkunn og fékk hann peningagjöf frá Arion banka og Keili sem viður-

kenningu fyrir góðan námsárangur. Guðsteinn Fannar Ellertsson hélt ræðu fyrir hönd útskriftarnema Háskólabrúar.

Háskólabrú hefur boðið upp á aðfaranám til háskóla í 18 ár og hafa á þeim tíma átt sér stað miklar framfarir í kennsluháttum samhliða breyttum þörfum og kröfum nemenda. Nemendur geta valið um að sækja Háskólabrú í staðnámi eða fjarnámi, bæði með

og án vinnu sem og viðbótarnám við stúdentspróf á verk- og raunvísindadeild. Boðið er upp á Háskólabrú í samstarfi við Háskóla Íslands og gildir námið til inntöku í allar deildir háskólans.

Heilsuakademía Keilir útskrifaði 11 nemendur úr fóttaðgerðarfræði, Berglind Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Keilis afhenti skirteini með aðstoð Skúla Freys verkefnastjóra og Thelmu námsráðgjafa. Dúx í fóttaðgerðarfræði var Signý Ingvadóttir með 9,55 í meðaleinkunn og fékk hún peningagjöf frá Arion banka og Keili sem viðurkenningu fyrir góðan námsárangur. Bjarnveig Guðbrandsdóttir flutti ræðu fyrir hönd útskriftarnema í fóttaðgerðarfræði.

Keilir stendur frammi fyrir breytingum en nám í fóttaðgerðarfræði færast til Fjölbautaskóla Suðurnesja frá og með hausti 2025.

Nú eru nemendur á Háskólabrú Keilis fleiri en á sama tíma í fyrra og sú námsleið heldur áfram sem fyrr, enda verið kjölfestan í starfseminni frá stofnun skólans árið 2007. Þá býður Keilir jafnframt upp á námskeið til undirbúnings fyrir inntökupróf í lækni-, tannlækni- og sjúkrahjálfunarfræði við Háskóla Íslands en nú þegar hafa skráð sig rúmlega 300 nemendur og bætist í hópinn í hverri viku.

Þorrablot Félags eldri borgara á Suðurnesjum

Haldið 25. janúar næstkomandi að Nesvöllum. Húsið opnar kl. 18.30. Borðhald hefst kl. 19.00.

Setning: Kristján Gunnar formaður FEBS.

Veislustjóri: Ljúflingurinn Gísli Einarsson.

Hljómsveit: Hinir stórkostlegu og endalaust vinsælu Bubbi og Vignir sjá um dinner og dansmúsik.

Söngur: Rúnar Þór Guðmundsson.

Aðgöngumiði: Verð kr. 9.000 á mann.

Matur: Glæsilegt þorrahlaðborð frá Magnúsi Þórisssyni matreiðslumeistara á Réttinum.

Miðar seldir á Nesvöllum 15. janúar frá kl. 12.00 til 14.00
Miðar ekki teknir frá.

Greiðsla: Peningar og posi á staðnum.



Hávaxinn snjókarl

Jólasnjórinn lét sjá sig. Íbúarnir við Vallargötu 18 í Keflavík gerðu þennan myndarlega snjókarl sem náði þremur metrum að hæð. Á myndinni sem Pétur Georgsson sendi er hann á henni með þeim Vicotriu, Júlíönu og Róberti.



Sanita var í skjólinum með vinnings stólinn frá Bústoð sem Björgvin Árnason afhenti henni. VF/PK/ET

Góður gangur í Bústoð - stækka gjafavörudeildina

- Góðar viðtökur fyrir nýrri verslun í Garðabæ

„Það hefur gengið mjög vel hjá okkur, veruleg aukning og svo hefur líka gengið vel í nýju búðinni okkar í Garðabæ,“ segir Björgvin Árnason, einn eigenda Bústoðar.

„Þegar við tókum við Bústoð, vorum við að taka við húsgagnaverslun sem var vel þekkt á Suðurnesjum en einnig út fyrir svæðið þannig að grunnurinn var góður. Við höfum spýtt í, breytt einhverju og gert nýja hluti sem hefur komið vel út. Við höfum t.d. aukið úrvalið og munum stórauka úrvalið í gjafavörundinni á næstunni, en við erum að vinna í ákveðinni nýjung sem við munum kynna fljótlega, mjög skemmtilega,“ segir Björgvin en hann í félagi við fleiri tóku við rekstri Bústoðar fyrir tveimur árum síðan.

Í september síðastliðnum opnaði Bústoð í Garðabæ eftir talsverðan undirbúning. „Eftir rólega byrjun fyrsta mánuðinn sem er eðlilegt fyrir nýja húsgagnaverslun tóku viðskiptin við sér og við Sáum mikla aukningu næstu mánuði eftir opnun.

„Við erum bjartsýn á framhaldið. Við höfum aukið úrvalið í húsgögnum og salan þar hefur verið mjög góð. Eins hefur verið aukning í gjafavörudeildinni sem við erum að stækka mikið á næstunni og því spennandi tímar framundan,“ sagði Björgvin.

Hafði góða tilfinningu fyrir því að ég fengi flottan vinning

- segir Sanita Hildarson sem flutti frá Lettlandi til Íslands fyrir rúmum tuttugu árum síðan. Sótti glæsilegan rafmagns leðurstól sem var fyrsti vinningur í Jólalukku VF frá Bústoð.

„Ég fékk góða tilfinningu fyrir þessu. Fann eitthvað á mér og ákvað svo að fara inn á Víkurfréttavefinn og athuga hvort vinningslistinn væri kominn. Viti menn, hann kom inn nokkrum mínútum áður og svo sá ég nafnið mitt efst, við stærsta vinninginn. Það var gaman,“ segir Sanita Hildarson en hún vann stærsta vinninginn í Jólalukku Víkurfréttanna 2024, glæsilegan leður rafmagnsstól.

„Ég er búin að finna stað fyrir stólinn og ætla mér að njóta þess að sitja í honum og m.a. Hlusta á fyrirlestra í náminu mínu í honum. Svo

eru dætur mínar mjög spenntar að fá að sitja í honum líka,“ sagði Sanita þegar hún mátaði stólinn við afhendingu í Bústoð.

Sanita er fædd og uppalin í Riga í Lettlandi en hefur búið á Íslandi síðan 2004 eða rúma tvo áratugi. Hún hitti Íslending í Danmörku og flutti til Íslands og hefur eignaðist þrjú börn með honum. Sanita býr núna ein í Innri Njarðvík og starfar hjá Isavia á Keflavíkurflugvelli og stundar háskólanám í öryggissfræði og almannavörnum í fjarnámi frá Bifröst. Starfið hennar hjá Isavia tengist öryggisleit og átti þátt

í því að hún ákvað að sækja þetta nám. Hún sótti framhaldsskóla í borginni Riga og og varð síðan lögreglukona þar í borg áður en hún elti ástina til Íslands. Sanita sem státar sig af því að hafa lært fimm tungumál, lettnesku, ensku, sænsku, rússnesku og svo íslensku, flutti fyrst til Reyðarfjarðar og starfaði þar m.a. á leikskóla í tvö ár en hefur síðan búið í Reykjanesbæ. Hún talar góða íslensku en hvernig hefur henni liðið á Íslandi?

„Frábærlega. Þegar ég lenti hér í Keflavík fann ég góða strauma og fannst ég vera komin heim. Hér ætla ég að eldast,“ sagði Sanita.

Leiguhúsnæði í Reykjanesbæ



Skrifstofuhúsnæði og stúdíóíbúðir

að Íðavöllum 3 í Reykjanesbæ til leigu.

Glæsileg aðstaða. Tilbúnar til leigu.

Upplýsingar í síma 895-2162

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



E S F R P Ú L L Á N N A V Ú R
 N N J U A S N E L F A L G U F
 G J Á T Þ R U G B R Ý Æ L É Ö
 I Ó R O S H Æ Ð É R Ó R E L N
 F L B E T S H T Þ H A P Þ J N
 E A Ú G I Æ T M Ö L R N I A É
 R U S R Ö U R G G Æ A R D R Þ
 Ó S M L R Ú S U N L G Ó P U Æ
 R T Æ I E U F I G A N T A K R
 U Þ N Þ Ú G F U P N I S Í K I
 K N A F A J G Ó T S U É R E R
 K R Þ E V L A J J N Ú B A R R
 E Ó T N A E G P A P E B Æ T O
 R G A S T S R Æ N G Ö Þ R U P
 H Y L M U R A Ö R A M U A R D

DUMBUNGUR
 FUGLAR
 SLEGGJA
 BRANDUR
 UGLA
 AGI
 RÉTTURINN
 DRAUMAR
 FUGLAFLENSA
 GÆSIR

ÞORRI
 UNA
 HREKKUR
 SNJÓLAUST
 FÖNN
 GLEÐI
 ANNÁLL
 ENGIFER
 GLAS
 MARÍA

Gangi þér vel!

Sögur af Vellinum – Ævintýrið á Midnesheiði

Á undanförunum árum hef ég haft þá tómtunda-
 iðju að skrifa og gefa út bækur. Það gefur mér mjög
 mikið að sitja við skrifrit og ræða við fólk. Í allt hef
 ég gefið út fimm bækur og þar af þrjár bækur á
 síðustu þremur árum, eða fimm bindi.

Nú er ég enn kominn af stað og stefni á útgáfu
 bókar sem hefur vinnuheit, „Sögur af Vellinum.“
 Bókin mun fjalla um störf og starfsaðstæður íslenskra
 starfsmanna sem unnu hjá hernum og fyrirtækjum
 sem þjónustuðu herinn. Þá verður fjallað um fjöl-
 skyldutengsl, samþýli við óbreytta ameríska borgara
 sem þjónustuðu herinn og leigðu húsnæði niður í bæ
 og bjuggu innan um íbúa á Suðurnesjum.

Verkefnið er mjög áhugavert og er til þess stofnað að
 það varpi skýru og áhugaverðu ljósi á þær samfélags-
 legu aðstæður og breytingar sem nálægðin við herinn
 hafði á daglegt líf íbúa hér á svæðinu. Ljósmyndir eru
 mikilvægar til að segja söguna, enda segja ljósmyndir
 meira en orð um stund og stað.

Ég er að leita að viðmælendum sem geta varpað
 skýru ljósi á þessa sögu og eru tilbúnir að segja mér
 sína reynslu og þekkingu af starfsemi, störfum og
 öðrum tengslum við herinn. Ég mun kappkosta að

bókin verði skemmtileg og geymi fyrst og fremst það
 jákvæða sem vera herliðsins hafði á íbúa. Það verður
 ekki skylda að koma fram undir nafni, en sannleik-
 urinn er mikilvægur, en góð saga þarf líka að geta
 notið sín. Það þarf því að vera fótur fyrir því sem sagt
 verður frá.

Eðlilega hefur ekki allt gengið fyrir sig eins og í sögu
 en ég er ekki sérstaklega að leita eftir neikvæðum
 sögum, en allt er þetta mat og það er sjálfsagt mis-
 jafnt á milli manna.

Ég bið þá sem lesa þessa grein og hafa áhuga að
 segja mér frá reynslu sinni, foreldra eða annarra ná-
 kominna að hafa samband við mig og við sjáum hvort
 það hjálpi mér ekki til að gera áhugaverða og skemmti-
 lega bók um samstarf tveggja og jafnvel fleiri ólíkra
 menningarheima.

Ég er með netfangið asmundurfridriksson@gmail.com
 og er á félssbókinni og síðan er ég með síma
 8943900, endilega hafið samband.

Með fyrirfram þakklæti.
 Ásmundur Fríðriksson
 f.v. alþingismaður og rithöfundur.



NÝBURAR

Drengur fæddur þann 8. janúar
 2025 á ljósmæðravakt Heil-
 brigðisstofnunar Suðurnesja.
 Þyngd: 3.808 grömm.
 Lengd: 51 sentimetrir.
 Foreldrar heita Katrín Helga
 Daðadóttir og Hlynur Snær
 Kristmundsson.
 Þau eru búsett í Reykjanesbæ.
 Ljósmóðir: Ingibjörg Finndís
 Sigurðardóttir.



Veðurguðirnir hliðhollir sjómanninum á Suðurnesjum í upphafi árs

Það fór nú eitthvað lítið fyrir
 pistli í síðustu viku, ég var í rútu-
 ferð sem bílstjóri og átti langan
 dag og bara steingleymdi að
 henda orðum á blað en það kom
 ekki að sök þar sem ég hafði
 skrifað pistil strax í upphafi árs,
 og hann birtist í síðasta blaði,
 sem var fyrsta tölublað Víkur-
 fréttar.

En jæja, vertíðin 2025 er hafin
 og hún byrjar mjög vel. Í það
 minnsta veðurfarslega séð því
 óvenjulega gott veður hefur verið
 það sem af er janúar og hafa bátar
 komist nokkuð duglega á sjóinn.
 Reyndar er veðrið búið að vera
 það gott að meira segja handfæra-
 bátarnir hafa komist á sjóinn, t.d
 Dímon GK sem kom með 329 kg
 í einni löndun, Guðrún GK sem
 er komin með 641 kíló í tveimur
 róðrum og Agla ÍS sem er með
 866 kíló í þremur róðrum. Allir
 þessir þrjú bátar voru að veiðum í
 Röstinni á milli Eldeyjar og Hafn-
 arbergs. Þó þetta sé ekki mikill afli
 þá er mest af aflanum ufsi og verð
 á ufsa á fiskmarkaði hefur verið
 nokkuð gott, um 200 kr á kílóíð
 miðað við óslægðan ufsa.

Ansí margir línubátar hafa
 verið að veiðum frá Sandgerði og
 er veiðin hjá þeim nokkuð góð.
 Fjöltnir GK er með 79,1 tonn í níu
 róðrum og mest 12,1 tonn. Óli á
 Stað GK 78,3 tonn í níu og mest
 14 tonn. Margrét GK 68,2 tonn í
 átta og mest 12,2 tonn. Hópsnes
 GK 48,5 tonn í sex og mest 9,7
 tonn. Geirfugl GK 30,6 tonn í sex
 og mest 9,1 tonn. Dúddi Gísla GK
 með 23,9 tonn í fjórum og mest
 7,9 tonn og Hulda GK 21,4 tonn í
 fjórum róðrum og mest 7 tonn.

Ekki eru margir bátar á netum,
 þó voru Kap VE og Erling KE á
 veiðum utan við Stafnes og inn í
 Faxaflóanum. Erling KE er kominn
 með 40,5 tonn í fimm róðrum og



AFLAFRÉTTIR

Gisli Reynisson
gisli@afllafrettir.is



mest 12,5 tonn. Kap VE veiddi í sig
 en kom til Sandgerðis og lá þar á
 meðan netin voru úti. Báturinn fór
 síðan til Hafnarfjarðar og landaði
 þar 54 tonnum í einni löndun.

Reyndar er nokkuð merkilegt
 með Kap VE því báturinn lá í
 Sandgerði núna nokkra róðra og
 var þetta í annað skipti sem að
 báturinn kemur til Sandgerðis en
 Kristgeir skipstjóri á bátinum, kom
 í eitt skipti til Sandgerðis á vertíð-
 inni 2024 en hefur ekki landað
 þar. Báturinn lá líka oft í fyrra í
 Keflavík en landaði aldrei þar, fór
 alltaf til Hafnarfjarðar eða sigldi
 til Vestmannaeyja og landaði þar.

Reyndar er þriðji stóri báturinn
 kominn af stað og það er Friðrik
 Sigurðsson ÁR. Þegar þetta er
 skrifað þá er báturinn við veiðar
 utan við Stafnes, tveir minni neta-
 bátar hafa hafið veiðar. Sunna Líf
 GK sem er komin með 1,8 tonn í
 tveimur róðrum og Addi Afi GK
 sem er með 3,2 tonn í 4, báðir hafa
 verið með netin sín við Garðskaga-
 vita.

Dragnótabátarnir eru líka
 komnir af stað en veiðin hjá þeim

hefur verið frekar lítil, Benni Sæm
 GK er hæstur af þeim en þó aðeins
 með 13,7 tonna afla í 6 róðrum.
 Sigurfari GK 8,6 tonn í sex róðrum,
 Siggí Bjarna GK 6,2 tonn í þremur
 og Aðalbjörg RE 2,7 tonn í einni
 löndun.

Stóru línubátarnir frá Suðurn-
 esjum eru aðeins tveir og í fyrsta
 róðri var Páll Jónsson GK með
 línuna sína utan við Grindavík og
 kom til Grindavíkur með 67,4
 tonn eftir þrjú daga á veiðum og
 Sighvatur GK var með línuna utan
 við Sandgerði og kom til Grinda-
 víkur með 95,7 tonn.

Hef áður skrifað um nafnið
 Sturlu en Sturla GK er nafn sem
 hefur verið á nokkrum togurum og
 einum línubáti sem að Þorbjörn hf
 í Grindavík hefur gert út en núna
 er Sturlu-nafnið horfið því að búið
 er að selja Sturlu GK til Grundar-
 fjarðar og heitir togarinn núna
 Guðmundur SH. Nýi togarinn,
 Hulda Björnsdóttir GK, er tekinn
 við af Sturlu en þó ekki þannig að
 þeir mega veiða eins nálægt landi
 og Sturla GK mátti, því hún var 29
 metra löng og mátti þar af leiðandi
 veiða upp að 3 sjómílum frá landi,
 Hulda Björnsdóttir GK þarf að
 vera 12 mílur frá landi út af lengd
 togarans.

Bílaveiðgerðir
Smurþjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
www.bilarogpartar.is

Rétturinn
 Ljúffengur
 heimilismatur
 í hádeginu

Opið:
11-13:30
 alla virka daga

Þú finnur allar
 nýjustu fréttirnar
 frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin,
 fáðu heymartæki
 til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is // [heyrn](https://www.facebook.com/heyrn)



Umtalsverð fækkun sjúkraflutninga á Suðurnesjum í fyrra

Fæddi barn í sjúkrabíl á Fitjum

Sjúkraflutningum á Suðurnesjum fækkaði um 800 á síðasta ári. Þeir voru um 4.000 talsins á árinu samanborðið við 4.800 árið áður.

Helsta skýringin á þessari fækkun er eldvirkni á Reykjaneskaga, sem hefur haft áhrif á flutninga frá Grindavík, ásamt því að Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) hefur styrkt þjónustu sína verulega og dregið úr þörf fyrir flutninga til Reykjavíkur. Þetta kemur fram í samantekt frá Brunavörnum Suðurnesja.

Þegar horft er til alvarleika útkalla og forgangs þá voru 1.200 útköll á síðasta ári á fyrsta og öðrum forgangi, þar sem ekið er með forgangsljósum. Það er mat Neyðarlínu að meta forgang fyrir hvert tilfelli. Útköll á lægri forgangi voru 2.800 talsins.


Brunaútköll á síðasta ári voru alls 234 talsins.

Þrátt fyrir fækkun sjúkraflutninga jókst fjöldi unninna klukkustunda til muna. Alls fóru yfir 5.000 klukkustundir í slökkvistörf á gróðureldum, hraunkælingar og viðveru vegna atburða í Grindavík.

Sjúkraflutningar hjá Brunavörnum Suðurnesja eru orðnir margir strax í byrjun árs 2025. Á aðeins einni viku hafa 140 útköll verið skráð.

Verkefni sjúkraflutningafólks eru einnig fjölbreytt og stundum óvænt. Þannig fæddist stúlkubarn í sjúkrabíl við Fitjar í Njarðvík í síðustu viku. Móður og barni heilsast vel.

Þá má nefna að útköll á dælubíl slökkviliðs eru nú orðin á annan tuginn það sem af er ári.



Ívar Valgarðsson - Úthaf

Ný sýning í Listasafni Reykjanesbæjar opnar á laugardag

Opnun einkasýningar Ívars Valgarðssonar, Úthaf, verður í Listasafni Reykjanesbæjar laugardaginn 18. janúar kl 14:00. Sýningin stendur til 19. apríl 2025.

Ívar Valgarðsson (f. 1954) er listamaður sem hefur áhuga á edli hlutanna. Hann notar ofur kunnuglegan og algengan efnivið til að búa til innsetningar sem fjalla á ljóðrænan hátt um hvernig skynjun skapar heiminn. Ívar hefur skapað nýtt verk fyrir sýninguna, Úthaf, innsetningu sem tekur heilt sýningarrými og samanstendur af 179 ljósmyndum og málverki. Úthaf fjallar um mikilfengleika hafsins sem umlykur Reykjanesbæ og einstaklingseðli upplifunar. Auk nýja verksins eru einnig verk sem spanna listamannsferil Ívars. Hér

er því fágætt tækifæri til að kynna sér skarpkyggni listamannsins og trúfestu við ákveðna aðferðarfræði um árabíl. Tími er ávallt til staðar í verkum hans. Sköpunarferlið endurspeglar oft í tímalegri upplifun áhorfenda. Þessi upplifun á tíma er mögulega mesti grundvallarþáttur náttúrunnar – og fyrir Ívari er náttúran forsenda alls.

Sýningarstjóri er Gavin Morrison.

Úthaf er styrkt af Safnasjóði og listamaðurinn er styrktur af Myndlistarsjóði.

Líkur á kvikuhlaupi og eldgosi fari að aukast nær mánaðamótum

Aflögunargögn sýna að landris og kvikusöfnun undir Svartsengi heldur áfram. Ef kvikusöfnun heldur áfram á svipuðum hraða munu 12 milljón rúmmetrar af kviku hafa safnast undir Svartsengi í lok janúar eða byrjun febrúar. Þá er talið, skv. líkanreikningum, að líkurnar á kvikuhlaupi og eldgosi fari að aukast, segir í tilkynningu frá Veðurstofu Íslands.

Líkönin byggja á áætluðu kvikuinnflæði á hverjum tíma en litlar breytingar á því innflæði geta haft áhrif á matið á mögulegum tímasetningum næsta eldgoss.

Eins og síðustu vikur hefur verið lítil jarðskjálftavirkni í kringum Svartsengi. Hættumat Veðurstofunnar hefur verið uppfært og hafa engar breytingar verið gerðar. Það gildir til 28. janúar, að öllu óbreyttu.



Frá eldgosinu á Sundhnúkgíggaröðinni sem hófst í nóvember 2024. Barna sést í orkuverið í Svartsengi á milli fjallanna. VF/Ísak

Fagnar fjölbreyttu og metnaðarfullu starfi leikskóla Reykjanesbæjar

„Menntaráð fagnar fjölbreyttu og metnaðarfullu starfi leikskóla Reykjanesbæjar. Sérstök áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun, málörvun, sjálfbærni og fjölmenningu, sem stuðla að farsæld og jöfnum tækifærum allra barna. Skýr stefna í anda menntastefnu Reykjanesbæjar og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós í þessu mikilvæga starfi,“ segir meðal annars í afgreiðslu menntaráðs Reykjanes-

bæjar á starfsáætlunum leikskóla Reykjanesbæjar fyrir starfsárið 2024-2025, sem lagðar voru fram til kynningar á fundi ráðsins.

„Menntaráð lýsir yfir ánægju með nýsköpun, þróunarverkefni og auknið aðgengi að fjölbreyttri menntun fyrir börn og starfsfólk. Þessi samræmda og framsækna sýn styrkir samfélagið til framtíðar,“ segir jafnframt.

Hafna geymslu í gámaeiningum á lóð Hljómahallar

Hljómahöll fær ekki að setja upp geymslur í gámaeiningum á lóð Hljómahallar. Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar hefur hafnað erindi Hljómahallar og segir að leysa þurfi geymslumál á annan máta.

Í umsókn Hljómahallar segir að fyrirhugað er að setja geymsluhúsnæði á lóð Hljómahallarinnar við Hjallaveg 2. Um er að ræða 118 m² gámaeiningu frá Terra. Hámarksænishæð hússins verður 3 metrar.

Athugasemdir bárust í grenndarkynningu sem nú er lokið. Tekið er undir andmæli íbúa, segir í



afgreiðslu ráðsins sem, eins og áður segir, hafnaði erindi Hljómahallar.

Bæjarstjórn minntist Grétars Sigurbjörnssonar



Áður en gengið var til dagskrár síðasta bæjarstjórnarfundar Suðurnesjabæjar minntist

forseti fyrir hönd bæjarstjórnar, Grétars Sigurbjörnssonar verkefnastjóra Sandgerðishafnar.

„Við fengum þá sorglegu fregn í upphafi árs að Grétar hafi orðið bráðkvaddur á heimili sínu. Grétar hafði starfað hjá Sandgerðishöfn frá því í mars 2009. Bæjarstjórn færir fjölskyldu hans, vinum og samstarfsfólki innilegar samúðarkveðjur,“ segir m.a. í minningarorðum sem flutt voru á fundinum. Fundarfólk reis úr sætum til minningar um Grétar.

Grindavíkurbær tilkynnti netárás

Netárás var gerð á hýsingaraðila tölvukerfa Grindavíkurbæjar. Gögn Grindavíkurbæjar virðast hafa sloppið við árásina. Grinda-

víkurbær hefur tilkynnt öryggisbrestinn til Persónuverndar og er málið í rannsókn.

Grindavíkurbæ boðinn togari

Útgerðarfélagið Ganti ehf. hefur gert kaupsamning um fiskiskipið Sturlu GK 12 ásamt veidarfærum og aflahlutdeildum í fisktegundum sem gáfu samtals 25,2 tonna þorskígilda aflamark. Grindavíkurbæ er boðinn forkaupsréttur samkvæmt lögum



um stjórn fiskveiða. Bæjarráð samþykkir að falla frá forkaupsrétti.

Samþykkja vegagerð að lóð Eldisgarðsins

Óskað hefur verið framkvæmdaleyfi fyrir 970 m langan aðkomuveg frá Nesvegi að lóð Eldisgarðsins á Reykjanesi í samræmi við deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar og álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat og umhverfismatsskýrslu Samherja Fiskeldis.

Umhverfis- og skipulagsráð. Reykjanesbæjar samþykkir sem óverulega breytingu á deiliskipulagi breytta legu vegstæðis og telur það til bóta.



Einangruð en aldrei ein

Líf Elínborgar Björnsdóttur hrundi eftir alvarlegt bílslys á Sandgerðisveginum í janúar 2020

Elínborg Björnsdóttir hefur búið í Höfnum frá árinu 2015 en hún er fyrrum afrekskona í íþróttum, hún æfði sund í yfir tíu ár og er margfaldur Íslandsmeistari í greininni. Elínborg, eða Ella eins og flestir þekkja hana, einbeitti sér síðar að pílukasti ásamt eiginmanni sínum, Presti Ingimarssyni, og þau spiluðu lengi saman í landsliðinu - en þann 18. janúar 2020 breyttist allt. Ella var þá farþegi í bíl vinkonu sinnar og þær á leið heim úr vinnu þegar bíl er ekið yfir á rangan vegarhelming og hann skellur framan á þeim á um 150 kílómetra hraða. Ellu var vart hugað líf eftir áreksturinn og hún lá samtals í fimm tíu og átta vikur á spítala.

Ella gefst ekki upp svo auðveldlega og á síðasta ári varð hún heimsmeistari kvenna í pílukasti fatlaðra. Víkurfréttir heimsóttu Ellu á heimili hennar í Höfnum en um næstu helgi eru fimm ár liðin frá þessum ör-lagaríka degi.



Hjónin Elínborg og Þröstur á góðum degi.



Kona alvarlega slösuð eftir ofsaakstur síbrotamanns

Tvær bifreiðar skullu saman í mjög hörðum árekstri á Sandgerðisvegi síðasta laugardag. Ökumaður annarrar bifreiðarinnar reyndist undir áhrifum fíkniefna, var án ökuréttinda og á stolnum bíl. Kona liggur alvarlega slösuð eftir óhappið.

Ökumaður Subaru bifreiðar ók á miklum hraða þegar lögreglubifreið elti hann á leið til Sandgerðis og reyndi að stöðva með þeim afleiðingum að hann ók framan á Hyundai bifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Í henni voru tvær konur og slasaðist farþeginn þar mjög alvarlega. Nota þurfti klippur til að ná

þeim út og voru þær fluttar á Landspítalann. Farþeginn liggur þar nú. Tók nokkurn tíma að ná konunum úr bílnum og var Sandgerðisvegi lokað í tvær þrjár klukkustundir. Ökumaðurinn sem var valdar að slysinu slapp án teljandi meiðsla.

Lögreglan sendi frá sér tilkynningu á mánudag þar sem fram kemur að maðurinn, sem er á þrítugsaldri, sæti nú síbrotagæslu. Lögreglumennirnir sem veittu eftirförina höfðu dregið verulega úr hraða lögreglubifreiðarinnar áður en slysið varð.



Frétt á forsiðu 4. tölublaðs Víkurfréttanna árið 2020.

Úrkomu hafði verið spáð síðar um daginn

Elínborg og vinkona hennar hjóluðu flesta daga til vinnu sinnar frá Höfnum til Sandgerðis, um fjörutíu og tveggja kílómetra vegalengd fram og til baka, en þann 18. janúar 2020 hafði verið spáð úrkomu seinni partinn og því ákváðu þær að fara á bíl þennan tiltekna dag. Sú ákvörðun átti eftir reynast afdrifarík.

Maður sér að afrekskona eins og þú hefur séð betri daga, þú ert ekki í toppformi. Hvað varð þess valdandi að svona er fyrir þér komið?

„Það var þegar ég lenti í slysinu og fékk í rauninni heilablóðfall í kjölfarið á slysinu og þá lamaðist ég vinstra megin,“ segir Ella. „Þetta var framanákeyrsla. Lögreglan var að elta ungan mann sem var á stolnum bíl og undir áhrifum [vímuefna] og hann lendir framan á bíl sem ég er farþegi í.“

Maðurinn sem olli slysinu var á um 150 kílómetra hraða þegar hann fór yfir á öfugan vegarhelming og lenti framan á bílnum sem Ella var farþegi í. Elínborg margbrotnaði við áreksturinn og lá milli heims og helju um hríð en Ella kemur aldrei til með að ná heilsu á ný og er upp á aðstoð annarra komin allan sólarhringinn. Sú sem keyrði bílinn slasaðist blessunarlega ekki mikið og sama gildir um tjónvaldinn, hann slapp

VIÐTAL

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



furðuvel frá árekstrinum. Degi fyrr hafði verið farið fram á síbrotagæslu yfir manninum en þeirri beiðni lögreglu var hafnað.

Hvernig fór með vinkonu þína?

„Hún var ekki eins heppin og ég. Mín bein og sár greru en hún var að keyra og það er óvist hvort eða hvenær það grær,“ segir Ella og á við sárin sem vinkona hennar hlaut á sálinni. „Það er mjög erfitt að vera að keyra þegar einhver slasast svona alvarlega eins og ég gerði.“

Ég fór mjög illa út úr þessu, brotnaði öll hægra megin og aðeins vinstra megin - og svo heilablóðfallið,“ segir hún en Ella fékk heilablóðfall í kjölfar slyssins og það lamaði hana vinstra megin.

Fimm ár frá slysinu

Eins og ofangreindar lýsingar gefa til kynna fór Ella mjög illa út úr slysinu sem breytti lífi hennar varanlega. Í dag er hún bundin við hjólastól auk þess sem hún

fær NPA-þjónustu sem gerir henni kleift að búa á heimili sínu í Höfnum.

Og þú ert bundin við það að þiggja þjónustu allan sólarhringinn.

„Já, ég er í hjólastól.“

En þetta eru fimm ár síðan og hvernig hefur þessi tími liðið? Hvað hefur gengið á á þessum tíma?

„Það hefur gengið á ýmsu. Ég fékk loks eftir mikinn barning að fá starfsfólk allan sólarhringinn hérna. Ég var fimm tíu og átta vikur á spítala eftir slysið og það var ekkert að mér og mér fannst engin ástæða til að hafa mig inni á spítala. Ég þurfti að berjast lengi

Hvað er NPA?

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er þjónustuform sem byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og gerir fótluðu fólki kleift að ráða hvar það býr og með hverjum það býr. Fatlað fólk stýrir því hvernig aðstoðin er skipulögð, hvaða aðstoð er veitt við, hvenær hún fer fram, hvar hún fer fram og hver veitir hana. (<https://npa.is/hvad-er-npa>)

”

Lögreglan var að elta ungan mann sem var á stolnum bíl og undir áhrifum [vímuefna] og hann lendir framan á bíl sem ég er farþegi í ...

fyrir því að koma heim og fá starfsfólk hingað til að hugsa um mig.“

Ella segir að í raun hafi ekkert verið að henni, hún var ekki veik. Henni fannst eins og það væri bara verið að geyma hana inn á stofnuninni. „Það var ekkert að mér, í rauninni var ég bara í geymslu og fékk á einum tímupunkti inni á hjúkrunarheimili – en ég var bara fjörutíu og sjö ára og fannst ég ekki eiga erindi þangað,“ segir hún og bætir við. „Svo þegar ég kom heim og var með aðstoð allan sólarhringinn þá er það líka mjög þrúgandi. Að hafa einhvern yfir þér allan sólarhringinn, alla daga. Það er ekkert einkalíf en annars eru þetta mjög góðar konur sem vinna hjá mér og vinkonur mínar. En eins og ég segi, það er ekkert einkalíf.“

En hvað gerir þú yfir daginn? Starfar þú við eitthvað?

„Nei, því miður. Ég væri alveg til í að eiga einhvern stað sem ég gæti kallað vinnustað hluta úr degi. Það er ýmislegt sem ég get gert þó ég sé í hjólastól.“

Hvernig myndir þú segja að venjulegur dagur væri hjá Elínborgu Björnsdóttur?

„Mér finnst gott að vakna snemma, kem hingað fram, fæ mér kaffi og kveiki á sjónvarpinu. Ég er svolítið að fönndra, er með fönndurhorn þar sem ég er að vinna með steinaverkefni og annað sem ég kaup á netinu til þess að fönndra.“

Ertu góð í fínhyfingum og slíku?

„Já, mjög góð í fínhyfingum.“

Ekki eitt heldur allt

Eins og verkefni Ellu hafi ekki verið ærið fyrir þá til að bæta gráu ofan á svart gerði heimsfaraldurinn Covid-19 innreið sína á Íslandi rúmum mánuði eftir slysið og fyrir vikið fékk Ella takmarkað að hitta vini sína og ástvini



Aðkoman á slystað var hræðileg. Beita þurfti klippum til að ná Elínborgu út úr bílflakinu.

á meðan hún barðist fyrir lífi sínu og heilsu. Í maí greindist Þröstur Ingimarsson, eiginmaður hennar, með illkynja heilaaexli og lést þann 19. nóvember sama ár.

„Við eyddum einhverjum vikum saman á HSS en af því að ég þarfnáðist svo mikillar umönnunar þá höfðum við ekki fólk til að annast okkur heima og gátum ekki verið eins mikið saman heima hjá okkur og við vildum.“

Ellu reiknast til að slysið hafi haft fjörutíu og fjórar vikur af þeim hjónum og það á hún erfitt með að sætta sig við.

Þetta er meira en lagt er á flest fólk á allri lífsleiðinni sem þú verður fyrir á þessu eina ári.

„Já, þetta var svolítið mikið.“

Hvernig gekk eiginlega að komast í gegnum þessa skafla?

„Ég er svo sem ennþá að skófla mig í gegnum þetta – en ég er í hrútsmerkinu og set bara hornin niður og veð áfram,“ segir Ella sem segist fara þetta á hörkunni og ákveðinni afneitun. „Stundum veit ég ekki hvernig ég kemst í gegnum þetta, hvernig ég næ að halda þeim fronti.“

Ella og Þröstur voru á kafi í pílukasti og bæði í landsliðum Íslands í greininni þegar Ella lenti í slysinu. Eðlilega datt hún úr landsliðinu eftir slysið en seinna fór Ella að leita á netinu og komst í samband

við Heimssamband fatlaðra sem heldur Evrópumeistaramót í pílukasti á Spáni.

„Ég fór í hitteðfyrra í fyrsta skipti í mót á Torremolinos á Malaga. Það var Evrópumeistaramót og ég lenti í öðru sæti þar og líka á síðasta ári,“ segir Ella sem ávann sér rétt til að keppa á heimsmeistaramótinu sem var haldið í ágúst í Skotlandi. „Annar ágúst varð ég heimsmeistari fatlaðra kvenna í pílukasti. Það er flottur titill að bera. Svo er ég að fara aftur til Torremolinos í apríl á þessu ári að taka þátt í Evrópumeistaramótinu.“

Eitthvað kostar svoleiðis.

„Já, af því að ég þarf að taka aðstoðarfólk með mér. Fyrir tvær vikur tek ég þrjár [starfskonur] með mér. Það þýðir flug og hótél fyrir fjóra og upphald. Þannig að þetta kostar tvær komma sjö milljónir – og á örorkulaunum er mjög erfitt að ná þessu fram.“

Hvernig hefur það tekist hingað til, er það bara með hjálp fyrirtækja og einstaklinga?

„Já en núna vantar mig alveg eina komma níu milljónir upp á að komast í þessa ferð. Það er svo mikilvægt fyrir mig að geta slakað á í sólinni. Ég er með svo mikla taugaverki eftir slysið og hitinn hjálpar svo til við verkina. Þannig að þetta er mjög mikilvægt fyrir mig.“

Ég er svo sem ennþá að skófla mig í gegnum þetta – en ég er í hrútsmerkinu og set bara hornin niður og veð áfram ...

Sækir þú æfingar í pílukasti reglulega?

„Nei, því miður geri ég það ekki. Mér finnst mjög erfitt að vera á meðal fólks – sérstaklega á pílumótum. Ég á erfitt með að fara á pílumót þar sem maðurinn minn er ekki með mér – mér líður ekki vel að fara ein á pílumót,“ segir heimsmeistarinn en lengra viðtal við Elínborgu birtist í Sjónvarpi Víkurfrétta um næstu helgi.



Elínborg er mikill dýravinur og á tvo hunda og tvo ketti sem veita henni félagskap.

Viltu þú sækja um styrk í spennandi menningarverkefni?



Menningarsjóður Reykjanessbæjar auglýsir eftir styrkumsóknum

Auglýst er eftir umsóknum um tvenns konar styrki sjóðsins. Annars vegar er um að ræða þjónustusamninga við menningarhópa og hins vegar verkefnastyrki til menningartengdra verkefna.

Umsóknum þarf að skila rafrænt í síðasta lagi **10. febrúar** nk. í gegnum **Mitt Reykjaness**. Nánar á reykjanessbaer.is

Menningar- og þjónusturáð Reykjanessbæjar



Frá vinstri, Magnús, Magnús Máni, Sindri Snær, Sylvía Sól, Halldóra Björk, tengdasonurinn Jón og sonur hans, Jakob Máni.

„Við myndum aldrei dvelja í Grindavík ef við teldum staðinn ekki öruggan,“ segja hjónin Jóhanna Harðardóttir og Ásgeir Magnús Ásgeirsson en þau hafa búið í Grindavík síðan síðasta vor ásamt þremur börnum sínum, Sylvíu Sól, Magnúsi Mána og þeim yngsta, Sindra Snæ en sú elsta, Halldóra Björk, er flogin úr hreiðrinu. Sindri er í níunda bekk í grunnskóla og sækir Stapaskóla í Innri-Njarðvík alla virka morgna, hann vill hvergi annars staðar búa en í Grindavík. Sindri er smeykur um að margir fyrrum sveitunga sinna líði ekki eins vel eins og honum, búandi í Grindavík.



Búa í Grindavík en guttinn sækir Stapaskóla í Reykjaneshæ

Andleg líðan grindvískra barna æði misjöfn

VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is



Fjölskyldan lenti eins og líklega allar grindvískar fjölskyldur í kjölfar hamfaranna, í öðruvísi búsetu en vaninn var og oft máttu sáttir þröngt sitja

„Við gátum farið til foreldra minna í Hafnarfirði,“ segir Jóhanna. „Við vorum þar í viku, við hjónin í hjólhýsinu og börnin inni. Svo vorum við ein fjölmargra Grindvíkinga sem fengum bústað í Ölfusborgum sem er rétt austan megin við Hveragerði. Við vorum þar fram til 13. janúar þegar við tæmdum bústaðinn og fluttum til Grindavíkur. Við vorum alsæl að keyra heim til Grindavíkur þennan laugardag þegar við heyrðum í fréttunum að búið væri að fyrirskipa rýmingu úr bænum tveimur sólarhringum síðar og trúðum varla eigin eyrum. Ég man þegar ég vaknaði þessa nótt þegar allt var að fara af stað, þetta minnti mig á lætin sem voru 10. nóvember og það kom á daginn, við vorum byrjuð að pakka og gera okkur klár að fara þegar rýming var fyrirskipuð. Daginn eftir breyttist síðan allt þegar hraunið náði inn fyrir varnargarða og tók þrjú hús og eftir það fluttum við aftur til foreldra minna í Hafnarfirði og oft var þröngt á þingi en þarna sannaðist heldur betur að þröngt mega sáttir sitja! Þar vorum við í tæpa tvo mánuði en fengum svo leiguíbúð á Dalsbraut í Njarðvík og vorum þar til að byrja með en undanfarna

mánuði höfum við mest verið hér í Grindavík. Það er gott að hafa þetta afdrep í Njarðvík þegar kemur til rýminga t.d. og eins hefur Sindri gíst þar eina og eina nótt með systur sinni þegar við Maggi vorum að vinna lengur. Leigustyrkurinn gildir út mars og eftir það munum við einfaldlega eiga eitt heimili, í Grindavík.

Það var fyndið hvernig það kom til að við fórum að vera meira í

Grindavík. Ég var á frívakt þennan dag og var í Njarðvík en ég vann á Northern light Inn hótelinu. Maggi vannur hjá Vélsmiðju Grindavíkur og sagði við mig þennan föstudag, hvort ég væri ekki bara til í að pakka smá dóti ofan í tösku og við myndum bara vera í Grindavík þá helgi. Það var samþykkt og við áttum æðislega helgi heima hjá okkur í Grindavík, við og börnin í skjúnunum. Á sunnudeginum


sagðist Maggi ekki nenna að keyra til Njarðvíkur bara til að keyra til baka í vinnuna daginn eftir svo við framlengdum og upp frá þessu fórum við að dvelja meira heima hjá okkur, þar líður okkur öllum best. Við höfum samt að sjálf-sögðu fylgst vel með fréttum og þegar landris var komið í neðri mörk færðum við okkur yfir til Njarðvíkur en allan tímann hefur okkur aldrei liðið óöruggum í

Grindavík. Svo má ekki gleyma að við erum með hross og vorum líka með kindur en ákváðum að bregða fjárbúi síðasta haust en við þurfum auðvitað að koma hrossunum fyrir þegar landrisið er komið í neðri mörk, það hefur gengið vel. Við höfum rekið hestaleiguna Arctic horses síðan 2010, eigum fimmtán hross og erum með fjögur hross hér heima, þau passa í kerruna sem er alltaf til taks hér heima, við nýtum okkur bílastæði nággranna þar sem við erum þau einu sem búum í götunni,“ segja hjónin.

Vill hvergi annars staðar búa en í Grindavík

Sindri Snær var eitt þeirra barna sem sótti safnskóla í Reykjavík, eftir að hafa verið í grunnskólanum í Hveragerði þar sem mjög vel var tekið á móti honum, vildi hann frekar taka rútu til Reykjavíkur og vera með sínum vinum. Í dag gengur hann í Stapaskóla og unir hag sínum vel en hann vill hvergi annars staðar búa en í Grindavík.

„Það hefur verið alveg á hreinu hjá mér allan þennan tíma að ég vil bara eiga heima í Grindavík. Síðasti vetur var örugglega erfiður fyrir alla Grindvíkinga, líka mig en ég vildi bara vera í skóla með mínum skólasystkinum frá Grindavík, þess vegna fór ég til Reykjavíkur í safnskólann á hverjum degi, ég vildi klára 8. bekkinn með mínum kennurum og vinum mínum. Þegar við fórum að vera meira í Grindavík síðasta sumar leið mér strax æðislega, hér get ég gert nánast allt sem mig langar, ég er mikið að brasa með pabba inni í bílskúr



Frá vinstri, Magnús, Jóhanna, Sindri Snær með köttinn Lisu, og Magnús Máni.

Flutningur á hrossunum í rýmingunni 10. nóvember.



en í Njarðvík erum við ekki einu sinni með bílskúr. Ég hef verið ofboðslega ánægður í Grindavík og ég held að flestir mínir vinir öfundu mig af því að fá að búa hér. Við krakkarnir erum mikið í samskiptum á netinu og spjöllum í video-símtali í símunum og oft biðja vinir mínir mig um að fara að gamla heimilinu þeirra og mynda það. Ég veit um fullt af börnum sem líður ekki vel þar sem þau búa og þrá ekkert heitara en flytja aftur heim. Sumir fara oft inn á Google maps til að sjá Grindavík fyrir hamfarirnar og einfaldlega sakna bæjarins mjög mikið. Ég held að ef skólahað myndi hefjast næsta haust þá sé mjög mikið af fólki sem myndi flytja aftur heim, Grindvíkingar sakna greinilega Grindavíkur. Ég hlakka mjög mikið til að fá alla vini mína aftur til Grindavíkur en þangað til verður mér skutlað í skólann í Innri-Njarðvík, mér hefur liðið vel í Stapaskóla og er búinn að eignast nýja vini en það breytir því ekki að ég er Grindvíkingur og verð alltaf Grindvíkingur," segir Sindri.

Bjartsýn á framtíð Grindavíkur

Hjónunum hefur ekki liðið óruggum í eina sekúndu eftir að þau fluttu aftur heim.

„Varnargarðarnir breyta í raun öllu og vísindafólkið okkar segir að það hafi aldrei verið eldgos í Grindavík, bara fyrir utan bæinn og hraunið runnið inn í hann eins og gerðist fyrir ári. Eins og eldgosin hafa verið að hegða sér að undanfögnu þá virðist þetta vera færast fjær Grindavík svo við höldum að mesta hættan sé liðin hjá en auðvitað getur enginn fullýrt nokkuð



í þeim efnum. Okkur finnst forræðishyggjan hafi verið full mikil en í leiðinni vitum við að allir eru að gera sitt besta, lögregluþyriföld og aðrir en hvenær má fólk taka

ákvörðun fyrir sig sjálf og ákveða sjálf hvað sé hættulegt og hvað ekki? Það er alltaf talað um að við séum í Grindavík á eigin ábyrgð, hvar og hvenær er maður ekki á

„Ég hef verið ofboðslega ánægður í Grindavík og ég held að flestir mínir vinir öfundu mig af því að fá að búa hér. Við krakkarnir erum mikið í samskiptum á netinu og spjöllum í video-símtali í símunum og oft biðja vinir mínir mig um að fara að gamla heimilinu þeirra og ég mynda það.“

sína eigin ábyrgð? Á sama tíma og þúsundir ferðamanna eru í Bláa lóninu þá má ekki búa í Grindavík, er það bara eðlilegt?

Við vonum innilega að tónninn fari að breytast hjá yfirvöldum og Grindavík sé ekki stöðugt töluð svona niður og hættan töluð upp. Það er engin hættan í okkar huga, þ.e.a.s. þegar búíð verður að laga allar sprungur, þótt að búíð sé að girða allar sprungur af þá er það ekki varanlega örugg leið. Litlir pottormar munu eflaust stelast yfir þessar girðingar svo við viljum sjá bæinn lagaðan og eftir það mælir ekkert á móti því að byggja Grindavík upp að nýju. Þessi bær mun blómstra á ný, það erum við sannfærð um,“ söguðu hjónin að lokum.



Hundurinn Frosti teygir sig upp til hestsins Sigga Sæm og reynir að segja honum leyndarmál, sem knapinn Sýlvía Sól má ekki heyrja!



Magnús Máni, Magnús, Ína Edda, kærasta Magnúasar Mána, Sýlvía Sól og Sindri Snær.



Hvort er gervigreindin ógn eða tækifæri fyrir tónlistarbransann?

Ekkert kemur í staðinn fyrir lifandi tónlistarmann sem er sannur og trúr í sinni sköpun



„Það er búið að semja þessi lög milljón sinnum, svona lög munu aldrei skera sig úr og það mun ekkert koma í staðinn fyrir lifandi tónlistarmann sem er trúr og sannur í sinni sköpun,“ segir keflvíski tónlistarmaðurinn Magnús Jón Kjartansson. Blaðamaður Víkurfrétta gerði skemmtilega tilraun, tók texta sem Vilhjálmur Vilhjálmsson heitinn samdi, Lítill drengur, og lét gervigreindina semja nýtt lag við textann en eins og alkunna er samdi Maggi Kjartans lagið á sínum tíma, lag sem er fyrir löngu búið að greipast inn í íslenska þjóðarsál.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Það eru mörg álitamál sem hafa sprottið upp, bæði lögfræðileg og siðferðisleg og munu eflaust spretta oftar upp í kjölfarið á þessum nýja veruleika og sumir líta á þetta nýja fyrirbæri sem ógn við sköpun listamannsins en Maggi er ekki á þeim vagni.

Maggi telur gervigreindina einfaldlega vera hluta af þróun tækninnar.

„Ég held að það megi rekja upphaf gervigreindar til tilrauna mannsins við að finna lausnir á alls konar þjónustu, í raun frá örófi alda. Mors-tæknin á sínum tíma, síminn, símsvari, í dag er varla hægt að hringja í verslun nema tala við símsvara sem segir manni það helsta eins og opnunartímann. Við erum með Heilsuveru sem geymir okkar heilsufarsupplýsingar, þú getur fengið yfirdrátt í bankanum þínum í gegnum appið, tölvan sér hvort þú sért góður fyrir láninu, svona væri lengi hægt að halda áfram og þylja upp allar nýjar tæknibyltingar en svona hefur þetta verið og mun verða áfram, annað er óhjákvæmilegt. Gervigreindin er bara enn einn anginn af þessari tæknipróun.“

Þegar ég var að byrja í tónlistinni sem unglingur þá var Bítlaðið u.þ.b. að spretta upp og þá heyrðist frá eldri kynslóðinni að tónlistin væri alltof hávær, þetta væri bara eitthvað garg. Svona einfaldlega þróast hlutirnir, sumir héldu að myndbandstæki myndi rústa útvarpsstjórnum [Video killed the radio star] en útvarpið lifir enn góðu lífi en hvar er myndbandstækið í dag? Nú hefur bíóið í mínum gamla heimabæ lokað og ég held því miður að það muni ekki líða langur tími þar til bíó verði útdautt. Internetið með streymisveitum á borð við Netflix og öppum frá sjónvarps- og útvarpsstöðum veldur því að fólk er hætt að horfa eingöngu á línulega dagskrá eins og tíðkaðist hér áður fyrr. Nú horfir fólk á það sem það vill horfa á, þegar það vill og hefur tíma til.“

Hættur hafa alltaf steðjað að tónlistarbransanum

Það hafa alltaf steðjað hættur að tónlistarbransanum, t.d. þegar diskótekin komu til sögunnar, þá varð allt einu lítið sem ekkert að gera fyrir danstónlistarfólkið. Þá þótti finna að dansa við upprunanlega útgáfu vinsællrar tónlistar sem sérsámin var fyrir tiskuhreyfingar þess tíma og þægilegt var að dilla sér við.

„Svo kom að því að þetta þótti ekki lengur flott svo það má kannski segja að margt fari



í hring. Allt í einu var maður staddur á þöbb með bjórlíki í hendinni og trúbador úti í dimmu horni. Í dag eru sveitaböllin næstum útdauð, eða fóru þau bara á Tinder?

Það mun aldrei neitt koma í staðinn fyrir lifandi flutning tónlistar og ég er sannfærður um að tónlistarmenn muni nýta sér gervigreindartæknina í auknum mæli í framtíðinni. Í dag er hægt að fara á Abba-sýningu í London þar sem hljómsveitarmeðlimir eru í þrívídd á sviðinu og manni líður eins og maður sé á að horfa á lifandi fjórmenn-ingana og hljómsveit lifandi á sviðinu.

Svo er auðvitað annar vinkill á umræðuna, hvort er viðkomandi að fara á tónleika til að hlusta á lögin, eða að hlusta á og sjá viðkomandi tónlistarmann? Suma dreymir um að vera ódauðlegir, ég er ekki þar en vil auðvitað að lögin mín lifi.

Framtíð útvarps er spurning, í dag hlustar ungdómurinn á það sem viðkomandi vill og hefur áhuga á. Kannski er ég innst inni feginn að vera ekki ungur tónlistarmaður í dag. Spotify og aðrar streymisveitur hafa tekið yfir eina helstu tekjulind tónlistarmanna, sem var að selja plötur og síðan geisladiska.

Þegar ég var á kafi í tónlistinni á sínum tíma þá gengu hlutirnir út á að semja góð lög til að setja á plötur og lifandi flutningur fylgdi svo í kjölfarið ásamt því að útvarpsstöðvar fluttu tónlistina til áhugasamra. Þetta hélst nokkuð vel saman í hendur, um leið og flytjendur áttu smell eða fengu góða plötusölu þá vaknaði auðvitað áhugi fólks og viðkomandi fékk mikið að gera við

„Ef að tónlistarmaður rembist eins og rjúpa við staurinn við sínar lagasmíðar, getur ekki neitt gott komið út úr því. Ef haldið er áfram með myndlíkinguna eru allar líkur á að umrædd rjúpa skíti þ.a.l. upp um allan staurinn!“

að flytja tónlistina sína. Þannig hefur þetta alltaf verið í tónlistarlífinu og verður áfram. Það að búa til og taka upp tónlist er orðið miklu auðveldara í kjölfar tækninnar. Nú hafa áhugasamir tæki, töl og aðstöðu til að taka upp alla tónlist hvar sem er. Það eina sem þarf er góður hljóðnemi, gott hljóðkort og kunna vel á tæknina, eftir það er hægt að gera ótrúlega hluti. Þegar ég var í þessu þá kostaði tíminn í hljóðveri mikinn pening og maður klæddi sig upp og undirbjó sig vel sem þýddi að við þurftum virkilega að vanda okkur,“ segir Maggi.

Gervigreindin nýr lagahöfundur?

Það hefur í talsverðan tíma verið hægt að nálgast öpp og forrit sem hjálpa tónlistarmanninum, Maggi hélt áfram.

„Ég nota talsvert app sem býður upp á þann möguleika að taka ákveðinn hlut úr heildarupptökunni, og vinna með. Gott dæmi um þetta er þegar Beyoncé endurgerði lag Bítlanna, Blackbird, hún notast við sama gítarleik og Bítlarnir og Paul McCartney spilaði inn. Hægt var að taka gítarspilið út úr upptökunni og Beyoncé söng yfir.“

Það eru til flott forrit sem hjálpa tónskáldinu við að semja en að Pétur og Páll sem hvorki geta haldið lagi, leikið á hljóðfæri eða lesið nótur, geti látið gervigreindina búa til nýtt frumsamið og frumlegt lag, er auðvitað nýr veruleiki.

Það var athyglisvert að heyra þetta laglíki við texta Villa heitins um Lítinn dreng, mér sem höfundur lagsins fannst þetta auð-

vitað athyglisvert en þegar betur var að gáð, kom í ljós að ég hafði heyrt þetta lag milljón sinnum áður! 90% af nýrri tónlist í dag sem er vinsæl hjá ungdómnum er bara eins og Tetris eða Legó-kubba leikur. Það er svo sem ekkert að því fyrir þá sem kunna að meta það. Ég sem tónlistarmaður hef engar áhyggjur af því. Þessi lög eru samt í raun bara eftirlíkingar af öðrum lögum. Sagan segir okkur að slík tónlist hefur aldrei náð neinni fötfestu og er ekki heldur að fara gera það núna, það er ég sannfærður um. Það mun aldrei neitt útrýma sköpunarþránni fyrir þann sem kann að búa til tónlist og texta því það er hluti af því að vera manneskja fyrir viðkomandi, að skapa.

Ég hef verið spurður að því hvort gervigreindin geti ekki hugsanlega dregið kjarkinn úr lagahöfundum, að viðkomandi telji að gervigreindin geri betur og í stað þess að rembast eins og rjúpa við staurinn, sé betra að láta gervigreindina bara sjá um málið. Þetta er hinn mesti misskilningur, sá sem rembist við að semja lag mun aldrei koma með gott eða fallegt lag, myndlíkingin við rjúpana er þá einfaldlega orðin þannig að þar með skíti rjúpan upp um allan staurinn!

Ógn eða tækifæri?

Magnús veltir því upp hvort gervigreindin sé tækifæri eða ógn fyrir tónlistarbransann.

„Ég fæ skemmtaratilfinningu því ég man þegar þeir ruðu sér til rúms á sínum tíma og manni fannst þetta alveg skelfilegt, að þarna gátu menn leikið fyrir dansi með trommubít og annað í skemmtaranum. Svo áttandi fólk sig á að þetta væri ekki málið, ég held að það sama muni gilda fyrir þessa nýju tækni gervigreindarinnar og hún hefur ekkert gaman af því að hlusta á sjálfa sig, dansa, eða leika á hljóðfæri. Það mun aldrei neitt koma í staðinn fyrir listamanninn sem er sannur og trúr í sinni sköpun. Ég hvet allt tónlistarfólk og bara listafólk yfir höfuð, að láta bara vaða og helst að reyna læra sem mest í viðkomandi listgrein, það hjálpar alltaf. Svo er bara að spila eða dansa við öll tækifæri og umfram allt að hafa gaman. Ef gleðin er ekki helsti drifkrafturinn þá verður partyið stutt. Sama er með listamanninn, stundum er hann inni og stundum úti. Það eina sem hann eða hún getur gert, er að vera sannur og trúr í sinni sköpun,“ sagði Maggi að lokum.

vf.is

Nánar er fjallað um málefnið og fleiri viðtöl birt á vef Víkurfrétta, vf.is, á næstu dögum. Þar verður einnig hægt að hlusta á hluta úr laginu „Lítill drengur“ eins og gervigreindin meðhöndlaði lagið.



Frá hátíðarhöldum í Reykjanesbæ í tilefni af 30 ára afmælinu.

Sameining sveitarfélaga á Suðurnesjum

Þriðjudaginn 11. júní 2024 voru liðin 30 á frá því að sveitarfélögin Keflavík, Njarðvík og Hafnir sameinuðust árið 1994 í Reykjanesbæ. Þeirra tímamóta var minnst með margvíslegum hætti allt síðastliðið ár. Bæjaryfirvöld Reykjanesbæjar settu á laggirnar sérstakan afmælissjóð í tilefni afmælisins sem einstaklingar og hópar gátu sótt um styrki í til viðburðarhalds í tengslum við afmælið. Á afmælideginum sjálfum hélt bæjarstjórn Reykjanesbæjar svo hátíðarfund í Hljómahöll þar sem meðal annars voru útnefndir tveir nýir heiðursborgarar; þau Sólveig Þórðardóttir, ljósmóðir, og Albert Albertsson, verkfræðingur. Strax að hátíðarfundinum loknum voru svo haldnir útitónleikar á þaki Hljómahallar þar sem margt af okkar besta fólki kom fram og mikill fjöldi bæjarbúa og gesta mættu til að hlusta og njóta.



Stofnun Reykjanesbæjar markaði ákveðin tímamót í sögu sveitarfélaga á Suðurnesjum. Fyrir sameiningu voru sveitarfélögin á Suðurnesjum sjö talsins þ.e. Keflavík, Njarðvík, Hafnir, Grindavík, Vogar, Garður og Sandgerði en eftir stofnun Reykjanesbæjar voru þau orðin fimm. Þann 10. júní 2018 varð svo til nýtt og öflugt sveitarfélag þegar Garður og Sandgerði sameinuðust í Suðurnesjabæ. Nú eru sveitarfélögin á Suðurnesjum því fjögur talsins og

ekki útilokað að þeim fækki enn frekar. Óformlegar viðræður hafa staðið yfir um nokkurt skeið á milli Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga um mögulega sameiningu. Grindavík var á sínum tíma boðið að taka þátt í viðræðunum en bæjarstjórn Grindavíkur hafnaði þátttöku. Það var áður en jarðhræringar og eldgos, sem nú standa yfir, hófust.

Næstu skref

Sveitarstjórnir Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga samþykktu að lokinni fyrri umræðu að vísa málinu

til síðari umræðu. Óvíst er hvenær hún fer fram en verði samþykkt í öllum sveitarstjórnnum að fara í formlegar viðræður gera lög ráð fyrir að slíkum viðræðum ljúki með kynningu fyrir íbúa á kostum og göllum sameiningar og í kjölfarið íbúakosningu.

Framlag ríkisins

Áður en síðustu ríkisstjórn var slitið haustið 2024 hafði samtall átt sér stað á milli sveitarfélaganna þriggja annars vegar og stjórnvalda hins vegar um framlag ríkisins til að liðka fyrir mögulegri sameiningu. Það eru mörg dæmi um að ríkið hafi liðkað til í sameiningarviðræðum sveitarfélaga víða um land.

Ríkið er mjög stór landeigandi á Suðurnesjum, meðal annars eftir að hafa tekið land eignarnámi á sínum tíma þegar Keflavíkurlflugvöllur og herstöðin á Miðnesheiði urðu að veruleika um miðja síðustu öld, og það land vilja sveitarfélögin á Suðurnesjum fá til baka. Þá telja sveitarfélögin mikilvægt að bæta almenningssamgöngur á milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja annars vegar og á milli allra byggðakjarnanna hins vegar. Almenningsamgöngur á milli sveitarfélaganna og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar er til dæmis mjög ábótavant svo dæmi sé tekið. Nokkur fleiri mál hafa verið kynnt íslenskum stjórnvöldum sem þyrftu að verða hluti af framlagi þeirra inn í sameiningarviðræðurnar svo bæjarstjórnir sæju hag sinn í að halda þeim áfram. Meðal annars að framlög úr Jöfnunar-sjóði verði óbreytt í einhver ár ef til sameiningar kemur. Þessar óskir og tillögur verða kynntar nýrri ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur á næstunni. Til að hægt verði að halda áfram með verkefnið þurfa stjórnvöld að bregðast hratt við svo formlegar viðræður á milli sveitarfélaganna geti hafist sem fyrst. Þeim þarf nefnilega að ljúka með íbúakosningu í síðasta lagi á komandi hausti svo hægt verði undirbúa stofnun nýs sameinaðs sveitarfélags fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2026.

Framtíðin hjört á Suðurnesjum

Íbúafjölgun á Suðurnesjum hefur verið gríðarleg síðustu 10 ár. Þannig hefur íbúum Reykjanesbæjar fjölgað um 60% á þessu tímabili, úr 15000 í 24000, aðallega vegna mikillar uppbyg-

ingar íbúðarhúsnæðis, hagstæðs íbúðarverðs og mikillar atvinnu á svæðinu. Þá fjölga þeim sem starfa á höfuðborgarsvæðinu en kjósa að búa á Suðurnesjum í barnvænu samfélagi þar sem eru m.a. góðir skólar og kraftmikið íþróttar- og menningarlíf.

Ef ákveðið verður að sameina Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Voga í eitt rúmlega 30 þúsund manna sveitarfélag verður það

stærsta sameining sögunnar fyrir utan sameiningu Reykjavíkur og Kjalarness. Slík sameining myndi að mati undirritaðs leiða til frekari hagræðingar í rekstri og bættrar þjónustu.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar

Dýraeftirlits- og heilbrigðisfulltrúi á Suðurnesjum

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja auglýsir lausa stöðu heilbrigðisfulltrúa. Starfið felst m.a. í eftirliti með gælu-dýrahaldi og starfsemi sem getur valdið mengun á starfssvæði embættisins sem eru sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum: Grindavík, Reykjanesbær, Suðurnesjabær og Vogar.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Eftirlit með gælu-dýrahaldi
- Eftirlit með eftirlitsskyldum fyrirtækjum og stofnunum
- Umhverfiseftirlit
- Eftirlit með meindýravörnum
- Skýrslugerð
- Gerð starfsleyfa og starfsleyfisskýrsla
- Móttaka ábendinga og kvartana
- Fagleg ráðgjöf til almennings, fyrirtækja og stofnana
- Umsagnir um leyfisveitingar, lagafrumvörp og skipulagsmál
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Gerð er krafa um háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, raunvísinda, verkfræði eða sambærilegra greina sem nýtist í starfi, sbr. kröfur reglugerðar nr. 571/2002
- Gott vald á íslensku bæði í ræðu og riti
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Ökuréttindi
- Vilji til að afla sér viðbótarþekkingar og vinna í umhverfi sem er í stöðugri þróun

Laun taka mið af kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaganna og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri HES, í s. 4203288 eða asmundur@hes.is

Umsókn skal fylgja ferilskrá, afrit af prófskírteinum og greinargott kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Um er að ræða 100% starf.

Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2025.

Umsóknir sendist á asmundur@hes.is

HES

Heilbrigðiseftirlit
Suðurnesja



Tveir nýir heiðursborgarar Reykjanesbæjar; þau Sólveig Þórðardóttir, ljósmóðir, og Albert Albertsson, verkfræðingur.



THELMA DÍS OG GUÐMUNDUR LEO ERU ÍPRÓTTAFÓLK REYKJANESBÆJAR 2024



Það var húsfyllir þegar íþróttafólk Reykjanesbæjar var heiðrað í Stapa um helgina. VF/JPK

Íþróttabandalag Reykjanesbæjar heiðraði íþróttafólk sveitarfélagsins við glæsilega athöfn sem var haldin í Stapa á sunnudag. Körfuknattleikskonan Thelma Dís Ágústsdóttir og sundkappinn Guðmundur Leo Rafnsson voru valin íþróttakona og íþróttamaður Reykjanesbæjar 2024 en bæði áttu þau frábæru gengi að fagna á síðasta ári.

Markmiðið er að komast í allt

■ segir Guðmundur Leo Rafnsson, íþróttamaður Reykjanesbæjar 2024

Sundkappinn Guðmundur Leo Rafnsson segir það standa upp úr á árinu að hafa lent í tuttugasta og fimmta sæti á HM í 200 metra baksundi og að slá tuttugu og fimm ára gamalt unglíngamet Arnar Arnarsonar í 100 metra baksundi.

„Það er stór heiður að slá eitthvað met af Erni,“ sagði hann eftir að hafa verið valinn íþróttamaður Reykjanesbæjar 2024 en Guðmundur Leo átti frábært ár í sundlauginni á síðasta ári.

En hvað er svo framundan?

„Það er Íslandsmeistaramót í apríl, þá er valið hverjir fara á HM, EM23 og Smáþjóðaleikana. Markmiðið er að komast í allt.“

Það lítur ágætlega út fyrir þig, er það ekki?

„Jú, ég hef fulla trú á að ég geti það og ég þarf bara að gera eins og ég geri alltaf,“ sagði Guðmundur Leo fullur sjálfstrausts.



ÍPRÓTTAMAÐUR ÁRSINS Í VOGUM

Akstursíþróttamaðurinn Valdimar Kristinn Árnason hlaut titilinn íþróttamaður ársins 2024 í Sveitarfélaginu Vogum. Verðlaunaafhending fór fram í Tjarnarsal þann 6. janúar síðastliðinn og voru hvatningarverðlaun sveitarfélagsins veitt við sama tilefni.

Guðrún P. Ólafsdóttir, bæjarstjóri, bauð gesti velkomna og flutti ávarp þar sem hún lagði áherslu á mikilvægi íþrótta- og félagsstarfs sveitarfélagsins. Guðmann Rúnar Lúðvíksson, formaður frístunda- og menningarnefndar, afhenti verðlaunin sem og viðurkenningar til þeirra sem hlutu tilnefningar til íþróttamanns ársins 2024.

Í tilefni viðburðarins var boðið upp á tónlistaratriði sem var flutt af tríóinu Magdalenu Högnadóttur, Birnu Rán Hilmarsdóttur og Bent Marínósyni. Flutningurinn gerði gæfumuninn enda upprennandi tónlistarmenn á ferðinni sem gerðu athöfnina enn eftirminnilegri.

„Viðburðurinn heppnaðist mjög vel og endurspegladi mikilvægi þess að heiðra afrek, eldmód og samfélagslega þátttöku. Viðburðurinn var ekki aðeins til þess að fagna árangri síðasta árs heldur til að blása íþróttamönnum okkar metnað í brjóst í byrjun á nýju og spennandi íþróttarári,“ sagði Guðrún.



Valdimar Kristinn Árnason er íþróttamaður ársins 2024 í Vogum.

Íþróttamaður ársins 2024

Íþróttamaður ársins, Valdimar Kristinn Árnason, átti glæsilegt keppnisár í rallycrossi. Hann varð bæði Íslands- og bikarmeistari í unglíngaflokki, sem er fjölmennasti og mest krefjandi keppnisflokkurinn í greininni, og er Valdimar eini íslenski keppandinn fyrir og síðar sem nær þeim árangri.

Valdimar var ekki einungis öflugur við aksturinn heldur hannaði hann einnig og smíðaði keppnisbíl sinn sjálfur.

Nánari umfjöllun um íþróttamann ársins í Vogum er á vef VIKURFRÉTTA, vf.is.

Alltaf jafn gaman í boltanum

■ segir Thelma Dís Ágústsdóttir, íþróttakona Reykjanesbæjar 2024



„Við stóðum okkur ótrúlega vel í Keflavík, það er ekkert auðvelt að vinna þrefalt og allt liðið stóð sig vel og hefðu margar getað verið hérna á sama stað og ég,“ sagði körfuknattleikskonan Thelma Dís Ágústsdóttir hógvær en hún var valin körfuknattleikskona ársins af Körfuknattleiksambandi Íslands á síðasta ári eftir frábært tímabil.

Kom það þér á óvart að vera valin íþróttakona Reykjanesbæjar?

„Ég var í rauninni ekkert búin að hugsa neitt allt of mikið út í þetta, fékk skilaboð frá Gullu í Keflavík og þá fór ég að hugsa; körfuknattleikskona eða eitthvað svoleiðis. Ekkert meira en það. Við erum með svo mikið af flottu íþróttafólki í Keflavík og Njarðvík.“

Hvað er framundan hjá íþróttakonu ársins?

„Það er bara tímabilið er á fullu í deildinni hjá okkur og við þurfum að rífa okkur í gang. Koma okkur betur af stað í deildinni og svo byrjar úrslitakeppnin í mars, apríl. Við erum spennar fyrir því öllu.“

Einhver landsliðsverkefni framundan?

„Já, landsliðið er í febrúar. Tveir útileikir. Það er líka mjög spennandi og alltaf jafn gaman. Alltaf jafn gaman í boltanum,“ sagði íþróttakona Reykjanesbæjar að lokum.

„Þetta getur ekki klikkað“

Gömlu brýnin Sigurður Ingimundarson og Jón Halldór Eðvaldsson teknir við kvennaliði Keflavíkur

Gengið var frá ráðningu þeirra Sigurðar Ingimundarsonar og Jóns Halldórs Eðvaldssonar í byrjun vikunnar sem þjálfara liðs Keflavíkur í Bónusdeild kvenna. Liðið hafði verið án þjálfara í tæpan mánuð, eða frá því að Friðrik Ingi Rúnarsson sagði upp störfum sem aðalþjálfari liðsins um miðjan desember. Elentínus Margeirsson stýrði liðinu á meðan leit að þjálfara stóð yfir en hann hefur nú stigið til hliðar.

Samanlagt hafa þeir Siggí og Jonni skilað Keflavík vel á annan tug titla. Siggí er með fimm og hálfan Íslandsmeistararitill kvenna (sá hálf kom þegar hann tók við liðinu í úrslitakeppinni), fjóra bikarmeistararitla kvenna og fjóra deildarmeistararitla kvenna auk annars eins með karlaði Keflavíkur. Jonni hefur gert Keflavík tví-

vegis að Íslandsmeisturum kvenna og einu sinni að bikarmeisturum.

Víkurfréttir ræddu við þá félagar þegar búið var að ganga frá ráðningunni en þeir sögðust báðir hafa verið hættir þjálfun en þeir gætu ekki sagt nei þegar Keflavík leitar til þeirra.

„Okkur list stórkostlega vel á þetta,“ segir Siggí. „Keflavík kom



Magnús Sverrir Þorsteinsson, formaður körfuknattleiksdeildar Keflavíkur, Jón Halldór Eðvaldsson, Sigurður Ingimundarson og Kristján Helgi Jóhannsson, framkvæmdastjóri deildarinnar. VF/ÍPK

að máli við okkur nýlega og töluðu við okkur um að taka þetta svona lokaspættinn – og ég er spenntur sem aldrei fyrr.“

„Þetta getur ekki klikkað, það er bara þannig,“ bætir Jonni við kokk-hraustur. „Við félagarnir að fara að þvælast í þessu. Gömlu hundarnir.

Ég veit ekki hvernig er best að orða þetta. Við treystum okkur ekki í neitt annað en að gera þetta og eins og Siggí segir, þetta kom mjög nýlega upp á og það var ekki hægt neitt annað en að hoppa á þetta.“

Þið eruð nú eldri en tvævetur í þessu fagi og það eru nokkur ár sem þið hafið þjálfað meistara-flokka, meistara flokk kvenna þar á meðal, og þeir eru ófáir

titlarnir sem þið erum búnir að landa. Hafið þið tölu á þeim?

„Það er nú bara þannig að þegar Keflavík kemur og er í vandræðum, þá stekkur maður til og hjálpar alltaf – og vonandi getum við hjálpað til við að ná titli.“

Það var klukkutími í fyrstu æfingu þeirra félaga með Keflavík og við hæfi að spyrja hvort þeir væru spenntir.

„Já, ég bara ætla að viðurkenna það. Ég er pínulítið spenntur fyrir þessu,“ svarar Jonni. „Við höfum einu sinni unnið saman áður, við erum miklir vinir og ég er bara ótrúlega spenntur fyrir þessu verkefni og eins og Siggí segir, vonandi getum við hjálpað.“

Nánar má lesa um fyrsta leik þeirra félaga með Keflavík á vf.is.

”

Það er nú bara þannig að þegar Keflavík kemur og er í vandræðum, þá stekkur maður til og hjálpar alltaf – og vonandi getum við hjálpað til við að ná titli ...



MYNDSKEIÐ
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

1X2 „DRUMAD Á PRETTÁN“

Harpixið dugði Einari gegn trommuleikaranum

Svo bregðast krosstré sem önnur, það hlaut að koma að því að einhverjum tækist að hægja á trommutakti Jóhanns D Bianco. Einar Skaftason heitir hetjan, hann vann 9-8 og ef eitthvað er að marka orð Joey í síðasta pistli, getur Einar átt von á ilmandi president snuff-dós. Ákveðið var að yngja aðeins upp í áskorendahópnum og mun Jón Ragnar Magnússon næstur mæta á vettvang. Hann svaraði kalli Víkurfréttar þar sem auglýst var eftir áhugasömum tippurum.

Jón Ragnar er hálfur Grindvíkingur og hinn helmingurinn er grænn, hann ólst upp og hefur alla sína hunds- og kattartíð búið í Njarðvíkurhluta Reykjanesbæjar. „Ég æfði körfubolta upp að sautján ára aldri en minna fór fyrir hæfileikunum inni á knattspyrnuvöllinum en ég æfði þó eitthvað. Ég ætlaði mér frama í körfubolta, gerði ráð fyrir að fá hæð föður míns en hann er um tveir metrar á hæð eins og bróðir minn en ég stækkaði ekkert eftir ferminu, fékk í staðinn hæð móður minnar. Áhuginn minnkaði, hugsanlega vegna aukins fjölda atvinnumanna en ég gerði einmitt rannsókn þegar ég nam fjölmiðlafræði í Háskóla Íslands. Hún fjallaði um áhrif erlendra atvinnumanna í íslenskum körfuknattleik. Ég er smeykur við þessa þróun ef ég á að segja alveg eins og er.

Ég hafði áhuga á fjölmiðlafræði, skrifaði meira að segja einhverjar greinar fyrir Víkurfréttir á námsárunum en svo réði ég mig í kennslu upp í Ásbrú, var svo beðinn um að koma að félagsmiðstöðinni þar en í dag er það 100% starf og ég forstöðumaður Brúarinnar, sem er félagsmiðstöðin uppi á Ásbrú. Mig grunar að svona félagsmiðstöðvum muni fjölga hér í Reykjanesbæ, það yrði mikið heillaspor fyrir ungmenntun okkar að mínu mati.

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á enska boltanum og er pabba innilega þakklátur fyrir að láta mig sjá ljósið árið 2005 þegar ég var fimm ára og hans menn í Liverpool unnu Meistaradeildina. Ég var í Guðjohnsen Chelsea-treyju og pabbi reif mig úr henni og setti mig í rauða Liverpool-búninginn og í honum hef ég nánast verið síðan þá.

Um leið og ég hafði aldur til stofnaði ég reikning á Bet365 og hef verið nokkuð duglegur þar og gengið vel en er með það á smá is í bili og ákvað í staðinn að skella mér í tippaleik Víkurfréttar. Ég sé fyrir mér frábæra ferð þegar við Grindvíkingarnir mætum á Wembley og sjáum mína menn í Liverpool og þína í Manchester United, bitast um þennan elsta bikar í heimsfótboltanum. Ég er til í auka-bet við þig þá,“ sagði Jón Ragnar við blaðamann VF.

Eftir bókinni

Einari komu úrslitin í leik sínum á móti Joey Drummer ekki á óvart.

„Þetta var eftir bókinni, Joey var orðinn full glaður í sínum yfirlýsingum og því kominn tími til að slökkva í honum eins og vindli. Hann getur samt vel við unað, hann hélt velli fimm sinnum og ég ætla mér að vera svipað lengi en alla vega mun ég ekki slaka á fyrr en ég hef hirt af honum toppsætið í heildarleiknum,“ segir Einar.



Seðill helgarinnar	Einar	Jón
Arsenal - Aston Villa	1	1
Brentford - Liverpool	2	2
Leicester - Fulham	X2	2
West Ham - Crystal Palace	1X	1X
Coventry - Bristol City	1	1
Derby - Watford	1X	1
Luton - Preston	1	1X2
Oxford Utd. - Blackburn	2	12
Portsmouth - Middlesbro	2	1
Sheff.Utd. - Norwich	1	1
W.B.A. - Stoke	1	1
Reading - Stockport	1X2	X2
Rotherham - Charlton	1X2	1X2

Úrslit leikja og fréttir birtast á



Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Akurskóli - Kennari, sérkennari eða sérfræðingur
Velferðarsvið - Heima- og stuðningsþjónusta
Velferðarsvið - Starfsmaður í frístundarstarfi (Skjólíð)

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS



JAFNFRAMT
2023 - 2026

Þarfasti þjónninn

Ríðum, ríðum rekum yfir sandinn, segir í gömlu þjóðkvæði eftir Grím Thomsen. Kvæðið lýsir nóturlegum veruleika hálendisins og þrá hestamanna til að komast í burtu og niður í Kiðagil í Bárðardal, burtu frá huldumönnum og allskonar kynjaverum sem á hálendinu eru. En nú eru breytingar yfirvofandi. Hestamenn geta ekki lengur hleypt hestum sínum á skeið á hálendi Íslands, nú er það bara töltið og fylgjast vel með hvað hesturinn lætur frá sér, og taka það með til byggða. Hrossaskítur er orðinn að stórhættulegum úrgangi sem ber að skila á næstu endurvinnslustöð.

Frétt í byrjun þessa árs um raunir hestamanna og skilaskyldu á hrossataði vakti óneitanlega athygli mína og á hvaða vegferð við virðumst vera komin í þegar kemur að losun

LOKAORÐ



HANNESAR FRÍÐRIKSSONAR

úrgangs. Mér varð hugsað til þeirra ganamanna sem Grímur samdi um seinnipart 19.aldar og dagsins í dag. Hvernig erfiðleikarnir geta margfaldast þegar allskonar blýantsnagarar og Exelaðdændur geta búið til ný vandamál þegar að alls er þörf á.

Ég sá fyrir mér gagnamenn í Ódáðahrauni ganga um með skjólur sem fötur hétu þá, ganga um í votum sauðskinskóm í kulda og trekki, sortera kindaskít frá hrossaskít, til að koma hrossaskítinum örugglega á næstu endurvinnslustöð.

Sennilega hefðu þeir allir orðið úti miðað við umfang verksins og veðurfars á hálendinu.

Auðvitað er þetta mjög ýktur samanburður. Tímarnir eru aðrir nú, en hrossaskíturinn sá sami. Hann hefur ákveðið áburðargildi og eykur vökt.

Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins skilgreinir hann sem áburð.

Fari svo fram sem horfir verður líf okkar stöðugt flóknara, því einarðir „sérfræðingar“ finna stöðugt upp á nýjum hugarórum til að flækja það sem ekki er flókið. Ég skil vel pirring hestamanna yfir þeim nýju álögum sem á þá eru lagðar með því að þurfa að greiða tuttugu og sex krónur fyrir hvert kíló, og skal það tað vera án aðskotahluta.

Það er gott að hafa reglur um ýmislegt það sem fram fer í nútímasamfélagi, og jafnvel gjöld þar sem það á við en stundum er skotið hressilega yfir markið og í þessu tilfelli um þarfasta þjónninn er það svo sannarlega gert.


Þá getur verið gagnlegt að láta hugann reika til Skúla og Sörla, í mögnuðu kvæði Grims um Skúlaskeiðið. Það hefði líklega fæstum dottið í hug að verðmeta það sem frá gæðingnum frækna kom þar sem hann féll dauður niður í Húsafellstúni, eigenda sínum til lífs. Þjónninn þarfasti á betra skilið:

Sörli er heygður Húsafells í túni, hneggjar þar við stall með öllum tyggjum, krafssar hrauna salla blakkurinn brúni, bíður eftir vegum fjalla nýjum.



Mundi

Er ekki bara hægt að breyta skróðgarðinum í bílastæðahús með torfþaki?



Bílastæðin verða staðsett í skróðgarðinum í Keflavík en bilaplan HSS fer 4,5 metra út fyrir lóðarmörk stofnunarinnar.

Byggja sjúkrabílamóttöku við HSS og bílastæði í skróðgarðinum

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur áhuga á að byggja sjúkrabílamóttöku ásamt hjólageymslu á bílastæði lóðar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja við Skólaveg 6 og stækka bílastæði. Auk þess er gert ráð fyrir að byggja utan um varmadælur sem settar voru upp til að tryggja rekstraröryggi vegna mögulegra skemmda á hitaveitulögn.

Sjúkrabílamóttakan er fyrir tvo sjúkrabíla og er gegnumakstur í gegnum bygginguna. Hjólageymslan er sambyggð. Til að tryggja greiðan akstur frá sjúkrabílamóttökunni er óskað eftir að fá að stækka plan 4,5 m út fyrir lóðarmörk inn í skróðgarðinn. Runnagróður yfir lóðarmörk yrði færður til sem stækkun nemur.

Byggingin tekur upp mörg bílastæði og er óskað eftir að bæta þau upp með því að útbúa stæði sem fara 4,5 m út fyrir lóðarmörk. Bílastæði og akstursplan út fyrir lóðar-

mörk er um 330 m². Óskað er eftir að aðskilja innakstur og útakstur með því að setja upp nýja útkeyrslu frá lóð.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti að grenndarkynna breytinguna. Engar athugasemdir bárust. Ráðið hefur því samþykkt erindið. Landslagsmótun verði unnin í samráði við starfsfólk umhverfis- og framkvæmda sviðs. Framkvæmdin verði sveitarfélaginu að kostnaðarlausu, segir í afgreiðslu ráðsins.

RANNSÓKNARSTOFNAN GÆTI HEILLAÐ

„Mér finnst gott að geta hafa valið um að ljúka stúdentsprófi fyrr ef maður hefur tök á því,“ segir dúx Fjölbrautaskóla Suðurnesja á nýafstaðinni haustönn, Bergþóra Sól Hálfðánsdóttir. Hún lauk stúdentsprófi á tveimur og hálfu ári og útskrifaðist af raunvísindabraut með meðaleinkunina 8,88. Hún stefnir á háskólanám næsta haust en er ekki ákveðin hvaða námsbraut hún mun þá feta. Þangað til ætlar hún að vinna sér inn pening og setur sig hér með í gluggann og auglýsir eftir skemmtilegri vinnu.

Dúxinn fæddist í Reykjanesbæ og tók fyrstu sporin þar en svo fór fjölskyldan á smá flakk.

„Fyrstu árin bjó ég í Keflavík en svo fluttum við í Reykjavík og ég hóf grunnskólagönguna þar en svo fluttum við á Selfoss og ég tók 8-10. bekk þar. Svo fluttum við aftur til Reykjanesbæjar og ég fór strax í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og hóf nám á raunvísindabraut. Mér finnst gott að geta haft þetta val með að klára stúdentsprófi fyrr ef maður kys það. Ég náði alveg að stunda það félagslíf sem ég kaus en ég er kannski ekkert mjög félagslynd manneskja, ég uni mér oft best við að einbeita mér að náminu. Ég á alveg mína vini og sinni þeim, ég var að æfa sund þar til að haustönnin hófst en þar sem ég var líka að vinna með náminu, n.t. á Langbest, varð ég að hætta í sundinu. Ég var ekki með neitt markmið um að vera dúx FS og átti í raun ekki von á því þar sem ég tók námið á þessari hraðferð, þess vegna kom skemmtilega á óvart að hljóta þessar viðurkenningar á útskriftinni. Ég fékk bæði verðlaun fyrir raunvísindagreinir og í spænsku, ég er fin í öðrum tungumálum en líklega er ég sterkust í raunvísindagreininum.“



Vantar vinnu

Bergþóra ætlar að gefa sér fram á sumarið að ákveða hvaða námsbraut hún velur í háskóla en ef hún yrði að velja í dag var hún með svar á nokkuð reidum höndum. Þar til hún tekur endanlega ákvörðun mun hún vinna sér inn pening en hvar það verður á eftir að koma í ljós, hún auglýsir hér með eftir skemmtilegri vinnu.

„Mamma kærastans míns býr í Reykjavík og ég ætla að flytja til þeirra og fara vinna, ég var komin með vinnu en list ekki á það og er því að leita að skemmtilegri vinnu. Sem betur fer þarf ég ekki að velja námið í háskóla strax en ef ég þyrfti að velja í dag þá finnst mér líklegt að lífeindafræði yrði fyrir valinu. Líffræði og rannsóknarvinna á rannsóknarstofnu heillar mig svo það kæmi ekki á óvart ef það yrði fyrir valinu. Það eru góðir atvinnumöguleikar sem bíða manns eftir slíkt nám en ég ætla að spá vel í þessu og hef finan tíma til þess fram á sumarið. Ég ætla að vera dugleg að mæta í ræktina, það er nauðsynlegt að stunda líkamsrækt. Ég vil klára grunnháskólanám og svo yrði gaman að prófa að flytja eitthvert út í heim og upplifa nýja hluti, kannski að negla spænskuna, það væri gaman að geta talað hana reiprennandi. Það verður fínt að taka sér smá pásu núna frá námi, prófa nýja vinnu og einfaldlega að njóta lífsins og hlaða batteriinn. Þegar að því kemur verð ég tilbúin að velja mér næsta nám og það verður líka gaman,“ sagði dúxinn Bergþóra Sól að lokum.

